	Mjólk (hrámjólk, mjólk til framleiðslu á mjólkurvörum og hitameðhöndluð mjólk)	0,02
	Ungbarnablöndur og stoðblöndur	0,02
	Nautakjöt, kindakjöt, svínakjöt, alifuglakjöt að undanskildum innmat	0,1
	Innmatur úr nautgripum, kindum, svínum og alifuglum	0,5
	Hold af eftirtöldum fiskum[1]:	
	Rákungur (*Sarda sarda*)	
	Smásól (*Dicologoglossa cuneata*)	
	Áll (*Anguilla anguilla*)	
	Blettabarri (*Dicentrarchus punctatus*)	
	Hrossamakríll, Brynstirtla (*Trachurus trachurus*)	
	Gráröndungur (*Mugil labrosus labrosus*)	
	Tvírandaflekkur (*Diplodus vulgaris*)	
	Flekkjarýtari (*Pomadasys benneti*)	
	Sardínur (*Sardina pilchardus*)	
	Aðrar Sardínutegundir (*Sardinops* spp.)	
	Túnfisktegundir eða túnfiskar (*Thunnus* spp. og *Euthynnus* spp.)	0,4
	Annar fiskur[2]	0,2
	Krabbadýr (*Crustacea*), dökkt krabbakjöt undanskilið	0,5
	Samlokur (*Bivalve molluscs)*	1,0
	Smokkfiskar (*Cephalopoda*) (án innyfla)	1,0
	Korn þ.m.t. bókhveiti, belgjurtir og belgávextir	0,2
	Grænmeti, að undanskildu káli, blaðgrænmeti, ferskum kryddjurtum, sveppum og afhýddum kartöflum	0,1
	Kál, blaðgrænmeti og ræktaðir sveppir	0,3
	Ávextir að undanskildum berjum og öðrum smáum ávöxtum	0,1
	Ber og aðrir smáir ávextir	0,2
	Fita og olía þ.m.t. mjólkurfita	0,1
	Ávaxtadrykkir, ávaxtaþykkni (tilbúið til neyslu) og ávaxtanektar	0,05
	Vín sem framleidd eru úr ávöxtum af uppskeru frá og með 2001, að undanskildum vínlíkjörum	0,2

1 Þegar fiskur er borðaður heill á gildið við um heilan fisk.

2 Þegar fiskur er borðaður heill á gildið við um heilan fisk.

Díoxín[3]	*Hámarksgildi pg/kg*[4]*:*
Kjöt og kjötvörur úr:	
Jórturdýrum	3 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu[5, 6]
Alifuglum	2 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu[5, 6]
Svínum	1 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu[5, 6]
Lifur og afurðir úr lifur sláturdýra	6 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu[5, 6]
Fiskhold og fiskafurðir úr því	4 WHO-PCDD/F-TEQ/g ferskvigt eða votvigt[5]
Mjólk og mjólkurafurðir þ.m.t. smjörfita	3 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu[5, 6]
Hænuegg og eggjafurðir	3 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu[5, 6]
Olía og fita:	
Dýrafita úr:	
Jórturdýrum	3 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu[5]
Alifuglum	2 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu[5]
Svínum	2 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu[5]
Jurtaolía	0,75 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu[5, 6]
Lýsi til manneldis	2 WHO-PCDD/F-TEQ/g fitu[5, 6]

Geislavirk efni	*Hámarksgildi Bq/kg:*
Mjólk og barnamatur:	
Plútóníum 239 og americium 241	1
Joð 131 og strontíum 90	100
Cesium 134 og 137	1000
Öll önnur matvæli:	
Plútóníum 239 og americium 241	10
Strontíum 90	100
Joð 131 og cesium 134 og 137	1000

[3] Díoxín (summa af fjölklóruðum díbenzo-para-díoxínum (PCDD) og fjölklóruðum díbenzofúrönum (PCDF) gefin út sem eiturjafngildi af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) þar sem stuðst er við eiturjafngildisstuðla Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO-TEF) frá 1997).

[4] Við útreikning á efri mörkum styrks er gert ráð fyrir að öll gildi fyrir mismunandi díoxín-ísómera sem eru undir greiningarmörkum séu jöfn greiningarmörkum.

[5] Fyrsta endurskoðun á þessum hámarksgildum skal fara fram í síðasta lagi fyrir 31. desember 2004 og taka mið af nýjum gögnum um díoxín-lík PCB efni í því augnamiði að setja hámarksgildi fyrir þau. Hámarksgildin skal svo endurskoða aftur í síðasta lagi fyrir 31. desember 2006 með það að markmiði að lækka þau.

[6] Hámarksgildi eiga ekki við um matvæli sem innihalda minna en 1% fitu.

Aðskotaefni:	*Matvæli:*	*Hámarksgildi mg/kg:*
Erukasýra[7]	Matarolíur og steikingarfeiti	5%
Glýkóalkalóíðar[8]	Kartöflur	200
Histamín	Fiskur og fiskmeti	200
Kadmín		
	Lifur og nýru af villtum dýrum	0,5
	Nautakjöt, kindakjöt, svínakjöt og alifuglakjöt að utanskildum innmat	0,05
	Hrossakjöt	0,2
	Lifur nautgripa, kinda, svína og alifugla	0,5
	Nýru nautgripa, kinda, svína og alifugla	1,0
	Hold af eftirtöldum fiskum[9]:	
	Rákungar (*Sarda sarda*) sjá um blý	
	Smásól (*Dicologoglossa cuneata*)	
	Álar (*Anguilla anguilla*),	
	Ansjósur (*Engraulis encrasicholus*)	
	Þverhausar (*Luvarus imperialis*)	
	Hrossamakríll, Brynstirtla (*Trachurus trachurus*)	
	Gráröndungar (*Mugil labrosus labrosus*)	
	Tvírandaflekkar (*Diplodus vulgaris*)	
	Sardínur (*Sardina pilchardus*)	
	Sardínutegundir (*Sardinops species*)	
	Túnfiskur (*Thunnus species* og *Euthynnys species*)	0,1
	Annar fiskur[10]	0,05
	Krabbakjöt (*Crustacea*) að utanskildu dökku krabbakjöti	0,5
	Rækjur (pillaðar)	0,1
	Samlokur (*Bivalve molluscs*)	1,0
	Smokkfiskur (án innyfla)	1,0
	Annar skelfiskur og innmatur úr fiski	0,5
	Korn, að undanskildu hveitiklíði, hveitikími, heilkorni og hrísgrjónum	0,1
	Hveitiklíð, hveitikím, heilkorn og hrísgrjón	0,2
	Sojabaunir	0,2
	Grænmeti og ávextir að undanskildu blaðgrænmeti, ferskum kryddjurtum, sveppum, stilkgrænmeti, rótargrænmeti og kartöflum	0,05
	Blaðgrænmeti, ferskar kryddjurtir, hnúðselja og ræktaðir sveppir	0,2
	Stilkgrænmeti, rótargrænmeti og afhýddar kartöflur að undanskilinni hnúðselju	0,1

[7] Reiknað af heildarmagni fitusýra í feitinni.
[8] Heildarmagn af sólanín glýkósíðum svo sem α-chakonin og α-sólanín.
[9] Þegar fiskur er borðaður heill á gildið við um heilan fisk.
[10] Þegar fiskur er borðaður heill á gildið við um heilan fisk.

Aðskotaefni:	*Matvæli:*	*Hámarksgildi mg/kg:*
Kvikasilfur		
	Barnamatur sem inniheldur fisk	0,05
	Skötuselir (*Lophius* spp.)	
	Steinbítur (*Anarhichas lupus*)	
	Barri (*Dicentrarchus labrax*)	
	Blálanga (*Molva dipterygia*)	
	Rákungar (*Sarda* spp.)	
	Álar (*Anguilla* spp.)	
	Lúða/flyðra (*Hippoglossus hippoglossus*)	
	Oddnefir (*Makaira* spp.)	
	Gedda (*Esox lucius*)	
	Rákleysingi (*Orcynopsis unicolor*)	
	Portúgalskur deplaháfur (*Centroscymnes coelolepis*)	
	Skötur (*Raja* spp.)	
	Gullkarfi, djúpkarfi, litlikarfi (*Sebastes marinus S. mentella, S. viviparus*),	
	Seglfiskur (*Istiophorus playtypterus*)	
	Stinglax (marbendill) (*Lepidopus caudatus, Aphanopus carbo*)	
	Hákarl (allar tegundir)	
	Slöngumakríll (*Lepidocybium flavobrunneum Ruvettus pretiosus, Gempylus serpens*)	
	Styrjur (*Acipenser* spp.)	
	Sverðfiskur (*Xiphias gladius*)	
	Túnfiskar (*Thunnus* spp. og *Euthynnus* spp.)	
	Búrfiskur (*Hoplostethus atlanticus*)	
	Slétthali (*Coryphaenoides rupestris*)	1,0
	Annar fiskur	0,5
Nítrósamín[11]	Fiskur og fiskvörur	0,007
	Kjöt og kjötvörur	0,01
PCB efni[12]	Fiskur og fiskvörur	0,2
	Kjöt og kjötvörur	0,02

[11] Heildarmagn rokgjarnra nítrósamína.

[12] Af hámarksgildi PCB efna, mega einstök efni ekki fara yfir neðangreind mörk, miðað við 10% fitu í matvælunum. Sjá ennfremur skýringar við viðauka 2.

2, 4, 4' -tríklórbífenyl(28)	0,06 mg/kg
2, 2', 5, 5' -tetraklórbífenyl(52)	0,01 mg/kg
2, 2', 4, 5, 5' -pentaklórbífenyl(101)	0,02 mg/kg
2, 3', 4, 4', 5 -pentaklórbífenyl(118)	0,02 mg/kg
2, 2', 3, 4, 4', 5' -hexaklórbífenyl(138)	0,02 mg/kg
2, 2', 4, 4', 5, 5' -hexaklórbífenyl(153)	0,02 mg/kg
2, 2', 3, 4, 4', 5, 5' -heptaklórbífenyl(180)	0,02 mg/kg
Aðrir PCB - ísómerar	0,06 mg/kg.

Aðskotaefni:	*Matvæli:*	*Hámarksgildi mg/kg:*
PSP toksín	Skelfiskur	0,8
Patulín	Öll matvæli	0.05
Tetraklóretýlen	Öll matvæli	0,1
Tin	Barnamatur	50
	Drykkir	50
	Öll önnur matvæli	150
3-mónóklór-propan-1, 2-díol (3-MCPD)		
	Vatnsrofin jurtaprótein (HVP)	0,02
	Sojasósa[13]	0,02

VIÐAUKI 4
Hámarksgildi fyrir nítrat í matjurtum.

Matvæli	**Uppskerutími**	**Hámarksgildi (mg/kg)[14]**
Spínat (ferskt)[15] *(Spinacia oleracea)*	1. nóv.-31. mars 1. apríl-31. okt.	3000 2500
Salat (ferskt)	1. okt.-31. mars 1. apríl-30. sept.[16] 1. maí-31. ágúst [16, 17]	4500 3500 2500
Spínat (fryst, hraðfryst eða meðhöndlað á annan hátt til að hafa áhrif á geymsluþol)	1. jan.-31. des.	2000

[13] Hámarksgildi er gefið fyrir fljótandi vörur sem innihalda 40% þurrefni og jafngildir hámarkinu 0,05 mg/kg í þurrefni. Hámarkið verður að aðlaga hlutfallslega að þurrefnisinnihaldi vörunnar.
[14] Hámarksgildi reiknað sem NO_3 og gildir ekki um barnamat.
[15] Hámarksgildi eiga ekki við ferskt spínat sem ætlað er til vinnslu og er flutt í stórum einingum beint á vinnslustað.
[16] Ef ræktunaraðferðar er ekki getið á umbúðum skal miðað við hámarksgildi fyrir salat ræktað utan gróðurhúsa.
[17] Gildir fyrir salat sem ræktað er utan gróðurhúsa.

VIÐAUKI 5

Hámarksgildi fyrir aflatoksín í matvælum.

Matvæli[18]	Hámarksgildi[19] (µg/kg)		
	B_1	$B_1 + B_2 + G_1 + G_2$	M_1
1. Jarðhnetur, hnetur og þurrkaðir ávextir			
1.1 Jarðhnetur, hnetur og þurrkaðir ávextir og vörur unnar úr þeim, ætlaðar til manneldis eða sem hráefni í matvæli.	2[20, 21]	4[20, 21]	-
1.2 Jarðhnetur sem eftir er að flokka eða hreinsa áður en þær eru notaðar til manneldis eða sem hráefni í matvæli.	8 [20]	15 [20]	-
1.3 Hnetur og þurrkaðir ávextir sem eftir er að flokka eða hreinsa áður en þær eru notaðar til manneldis eða sem hráefni í matvæli.	5 [20]	10 [20]	-
2. Korn (þ.m.t. bókhveiti, *Fagopyrum* sp.)			
2.1 Korn og vörur unnar úr því, ætlað til manneldis eða sem hráefni í matvæli þ.m.t. bókhveiti, (*Fagopyrum* sp.)	2	4	-
2.2 Korn sem eftir er að flokka eða hreinsa áður en það er notað til manneldis eða sem hráefni í matvæli þ.m.t. bókhveiti, (*Fagopyrum* sp.)	2	4	-
3. Fljótandi mjólkurafurðir	-	-	0,05
4. Önnur matvæli	-	5	-

[18] Um matvælin í þessari töflu gildir að bannað er:
- Að blanda saman vörum sem uppfylla kröfur um hámarksgildi og vörum sem ekki uppfylla þær kröfur, sem og að blanda saman vörum sem eiga að gangast undir flokkun eða hreinsun við vörur sem ætlaðar eru beint til manneldis eða sem hráefni í matvörur.
- Að nota vörur sem fara yfir hámarksgildi sem gefin eru í liðum 1.1, 2.1 og 3 sem hráefni í matvörur.
- Að fjarlægja eiturefni með efnafræðilegri meðhöndlun.

[19] Gildir ekki um barnamat.

[20] Hámarksgildin eiga við um æta hlutann af jarðhnetum, hnetum og þurrkuðum ávöxtum. Ef hnetur eru mældar með skel er gert ráð fyrir að aflatoksínið komi úr æta hlutanum.

[21] Jarðhnetur, hnetur og þurrkaðir ávextir sem ekki uppfylla skilyrði í lið 1.1 og kornmeti sem ekki uppfyllir skilyrði í lið 2.1, má setja á markað ef:

a) Þessar vörur:
   - Eru ekki ætlaðar beint til manneldis eða sem hráefni í matvörur.
   - Uppfylla hámarksgildi sem fram koma í lið 1.2 fyrir jarðhnetur, í lið 1.3 fyrir hnetur og þurrkaða ávexti og í lið 2.2 fyrir korn.
   - Fara í gegnum flokkun eða hreinsun og að því loknu uppfylli vörurnar skilyrði í liðum 1.1 og 2.1. Meðferðin má ekki skilja eftir sig önnur skaðleg aðskotaefni.

b) Á vörunni er greinileg merking sem segir að varan skuli gangast undir flokkun eða hreinsun til að minnka aflatoksíninnihald áður en hún er notuð til manneldis eða sem hráefni í matvæli.

VIÐAUKI 6
A-hluti
Leiðbeiningar um töku og meðhöndlun sýna.

Sýni til opinbers eftirlits með hámarki varnarefnaleifa í og á ávöxtum og grænmeti, auk opinbers eftirlits með hámarki aflatoksíns, blýs, kadmíns, kvikasilfurs og 3-MCPD í matvælum, skulu tekin samkvæmt aðferðum sem lýst er í viðauka þessum. Loka- og rannsóknarsýni tekin á þann hátt skulu talin dæmigerð fyrir framleiðslueininguna. Opinber eftirlitsaðili skal taka sýnin.

Skilgreiningar
Framleiðslueining
Sanngreinanlegt magn vöru sem hefur einsleit einkenni, t.d. varðandi meðhöndlun og uppruna. Framleiðslueining getur verið merkt með númeri framleiðanda, pökkunaraðila eða dreifingaraðila og þessar merkingar einkenna framleiðslueininguna. Sé um fisk að ræða ætti að taka þannig sýni að fiskar séu af svipaðri stærð.

Framleiðsluhluti
Tiltekinn hluti stórrar framleiðslueiningar sem valinn er þannig að það samræmist sýnatökuaðferðinni sem notuð er við þennan tiltekna hluta. Hver framleiðsluhluti skal vera skilinn frá öðrum og sanngreinanlegur.

Hlutasýni
Magn sýnis tekið á einum stað úr ákveðnum framleiðsluhluta eða framleiðslueiningu.

Safnsýni
Sameinuð hlutasýni sem tekin hafa verið úr sömu framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

Lokasýni
Safnsýni eða marktækt sýni af því.

Rannsóknarsýni
Sýni ætlað til rannsókna á rannsóknastofu. Dæmigerður skammtur tekinn af lokasýni.

Almenn ákvæði
Efni til sýnatöku
Taka skal sýni úr hverri framleiðslueiningu sem rannsaka á fyrir sig. Ef um stórar framleiðslueiningar fyrir jarðhnetur, hnetur, þurrkaða ávexti og korn er að ræða skal samkvæmt sérákvæðum í töflu 6 skipta þeim í framleiðsluhluta og skal taka sýni úr hverjum þeirra fyrir sig.

Varúðarráðstafanir
Gera þarf varúðarráðstafanir þegar rannsóknarsýni eru tekin og undirbúin til þess að forðast breytingar sem myndu hafa slæm áhrif á niðurstöðu greiningarinnar eða gera rannsóknarsýnin þannig að þau verði ekki dæmigerð.

Hlutasýni
Hlutasýni skulu tekin á eins ólíkum stöðum á víð og dreif um framleiðslueininguna eins og mögulegt er. Sé ekki farið eftir þessari aðferð skal það skrásett ásamt öðrum upplýsingum um sýni. Ekki skal nota til sýnatöku vörur sem eru skemmdar að einhverju eða öllu leyti. Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka þarf er gefinn upp í töflum í B-, C- og D-hluta þessa viðauka eftir því sem við á. Sýni skulu vera eins lík að stærð og mögulegt er.
Þegar um er að ræða vörur í fljótandi formi er nægilegt að taka eitt hlutasýni til greiningar í hverri framleiðslueiningu sem safnsýni. Vísa verður til framleiðslueiningarinnar. Vörur í fljótandi formi sem innihalda vatnsrofin jurtaprótein (HVP) eða sojasósur þarf að hrista mjög vel eða gera einsleitar með öðrum hætti, áður en hlutasýni er tekið.

B-hluti
Sýnatökuaðferðir fyrir mælingar á varnarefnaleifum í grænmeti og ávöxtum.

Undirbúningur safnsýna
Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman hlutasýnum.

Undirbúningur lokasýna
Safnsýnin má nota eins og þau koma fyrir sem lokasýni. Ef safnsýni er of stórt má undirbúa lokasýnið úr því með viðeigandi minnkunaraðferð. Með þessari aðferð má þó ekki skera niður einstaka ávexti eða grænmeti.

Undirbúningur rannsóknarsýna
Undirbúa skal eins mörg rannsóknarsýni og krafist er samkvæmt innlendum reglum. Hvert rannsóknarsýni af sveppum og kryddjurtum skal vega a.m.k. 0,5 kg. Hvert rannsóknarsýni af öðrum ávöxtum og grænmeti skal vega a.m.k. 1 kg og samanstanda af a.m.k. 10 einstökum stykkjum af ávöxtum eða grænmeti. Ef 10 einstakir ávextir eða grænmetistegundir vega samtals meira en 5 kg má rannsóknarsýnið samanstanda af einungis 5 stykkjum.
Hvert rannsóknarsýni af öðrum matvælum skal vega a.m.k. 1 kg.

Pökkun og flutningur á rannsóknarsýnum
Hvert rannsóknarsýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining er auðkennd á ótvíræðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

Tafla 1.
Lágmarksfjöldi hlutasýna fyrir mælingar á varnarefnaleifum í grænmeti og ávöxtum.

Þyngd framleiðslueiningar (kg)	Lágmarksfjöldi hlutasýna
<50	3
50-100	5
>100	10

Tafla 2.
Lágmarksfjöldi hlutasýna fyrir mælingar á leifum varnarefna í grænmeti og ávöxtum í þeim tilfellum þar sem ekki er unnt að meta þyngd framleiðslueiningar nógu nákvæmlega.

Fjöldi umbúðaeininga eða eininga í framleiðslueiningu	Lágmarksfjöldi umbúðaeininga eða eininga sem taka skal
1-25	1
26-100	5
>100	10

C-hluti
Sýnatökur vegna mælinga á blýi, kadmíni, kvikasilfri og 3-MCPD í matvælum.

Undirbúningur safnsýna

Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman hlutasýnum. Safnsýni skal vera a.m.k. 1 kg nema það sé óframkvæmanlegt, t.d. þegar ein eining er tekin.

Þegar sýni eru tekin af samlokum *(Bivalve mollusc)*, krabbadýrum *(Crusacea)* og smáfiskum sem venjulega eru borðaðir heilir skal taka innyfli með.

Samhliða sýni

Taka ber samhliða sýni vegna fullnustuákvæða eða verslunarverndar eða vegna úrskurðarmála úr rannsóknarsýni sem hefur verið gert einsleitt svo fremi að það stangist ekki á við reglur um sýnatökur. Algengt er að eftirlitsaðili taki þrjú sýni: eitt skilið eftir hjá framleiðanda/innflutningsaðila o.s.frv.; eitt geymt hjá eftirlitsaðilanum; eitt sent til rannsóknastofu/mælinga. Þannig er hagsmunum allra aðila málsins gætt.

Pökkun og flutningur á rannsóknarsýnum

Hvert rannsóknarsýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining er auðkennd á ótvíræðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

Tafla 3.
Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal úr framleiðslueiningu til mælingar á blýi, kadmíni, kvikasilfri og 3-MCPD í matvælum.

Þyngd framleiðslueiningar (kg)	Lágmarksfjöldi hlutasýna
<50	3
50-500	5
>500	10

Tafla 4.
Fjöldi hlutasýna sem mynda safnsýni ef framleiðslueiningin samanstendur af einstökum einingum.

Fjöldi umbúðaeininga eða eininga í framleiðslueiningu	Lágmarksfjöldi umbúðaeininga eða eininga sem taka skal
1-25	1
26-100	Um 5%, a.m.k. 2 einingar
>100	Um 5%, mest 10 einingar

Rannsaka skal tvö sýni og reikna meðaltal. Ef meðaltal er undir hámarksgildum er framleiðslueiningin í lagi. Ef meðaltal fer yfir hámarksgildi er framleiðslueiningin ekki ásættanleg.

D-hluti
Sýnatökur fyrir mælingar á aflatoksíni í matvælum.

1. Almennt

Undirbúningur safnsýna

Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman hlutasýnum. Að lokinni blöndun skal skipta safnsýninu í nokkur jafnstór undirsýni eins og lýst er hér að neðan.

Samhliða sýni

Taka ber samhliða sýni vegna fullnustuákvæða eða verslunarverndar eða vegna úrskurðarmála úr rannsóknasýni sem hefur verið gert einsleitt svo fremi að það stangist ekki á við reglur um sýnatökur.

Pökkun og flutningur á rannsóknarsýnum

Hvert rannsóknarsýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining er auðkennd á ótvíræðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

Mismunandi framleiðslueiningar

Matvæli eru ýmist seld í lausu, í umbúðum eða stökum einingum (svo sem sekkjum, pokum og smásölupakkningum). Beita má sýnatökuaðferðinni á allar matvörur í hvaða formi sem þær eru settar á markað.

Styðjast skal við eftirfarandi formúlu til leiðbeiningar við sýnatöku úr framleiðslueiningum sem fara á markað sem stakar einingar (svo sem sekkir, pokar og smásölupakkningar):

$$\text{Sýnatökutíðni} = \frac{\text{Þyngd}^{22} \text{ framleiðslueiningar} \times \text{þyngd hlutasýnis}}{\text{Þyngd safnsýnis} \times \text{þyngd stakrar einingar}}$$

[22] Þyngd í kg.

Sýnatökutíðni: n-ti hver sekkur eða poki sem taka ber hlutasýni úr (tugabrot skal námunda að næstu heilu tölu).

Þyngd hlutasýnis
Þyngd hlutasýnis ætti að vera um 300 grömm nema kveðið sé á um annað í kafla um sýnatökuaðferðir hér að neðan. Ef um er að ræða framleiðslueiningu með smásölupakkningum ræðst þyngd hlutasýnisins af þyngd smásölupakkningarinnar.

Fjöldi hlutasýna í framleiðslueiningum sem eru minna en 15 tonn
Fjöldi hlutasýna, sem taka á, er kominn undir þyngd framleiðslueiningarinnar, skal þó minnstur vera 10 sýni og mestur 100 sýni, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka. Styðjast má við tölurnar í töflunni hér fyrir neðan við ákvörðun á þeim fjölda hlutasýna sem taka ber.

Tafla 5.
Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga.

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 0,1	10
> 0,1 - ≤ 0,2	15
>0,2 - ≤ 0,5	20
>0,5 - ≤ 1,0	30
>1,0 - ≤ 2,0	40
>2,0 - ≤ 5,0	60
>5,0 - ≤ 10,0	80
>10,0 - ≤ 15,0	100

1.1. Jarðhnetur, hnetur, þurrkaðir ávextir og korn.

Tafla 6.
Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta eftir afurðum og þyngd á framleiðslueiningu.

Vara	Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýna (kg)
Þurrkaðar fíkjur og aðrir þurrkaðir ávextir	≥ 15 < 15	15-30 tonn ___	100 10-100[23]	30 ≤ 30
Jarðhnetur, pistasíuhnetur, parahnetur og aðrar hnetur	≥ 500 > 125 og < 500 ≥ 15 og ≤ 125 < 15	100 tonn 5 framleiðsluhlutar 25 tonn ___	100 100 100 10-100[23]	30 30 30 ≤ 30

[23] Fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar.

1.2. Jarðhnetur, pistasíuhnetur, parahnetur, þurrkaðar fíkjur og korn þar sem framleiðslueiningar eru ≥ 50 tonn.

Sýnatökuaðferð

- Ef hægt er að skilja framleiðsluhluta sundur verður að skipta hverri framleiðslueiningu í framleiðsluhluta samkvæmt töflu 6. Þar sem þyngd framleiðslueiningarinnar er ekki alltaf heilt margfeldi af þyngd framleiðsluhlutanna má þyngd þeirra mest fara 20% umfram tilgreinda þyngd;
- sýnataka skal fara fram í hverjum framleiðsluhluta fyrir sig;
- fjöldi hlutasýna skal vera 100. Ef framleiðslueiningar eru undir 15 tonnum fer fjöldi hlutasýna sem taka ber eftir þyngd framleiðslueiningarinnar og skal fjöldinn vera minnstur 10 og mestur 100;
- safnsýni (30 kg) skal blanda og skipta í þrjú jafnstór undirsýni, sem hvert vegur 10 kg, áður en þau eru möluð (þessi skipting í þrjú undirsýni er óþörf ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti sem flokka á frekar eða eiga að hljóta frekari hlutbundna meðhöndlun, en það er hins vegar háð því að fyrir hendi sé búnaður sem gerir kleift að búa til einsleitt 30 kg sýni). Ef þyngd safnsýna er minni en 10 kg skal ekki skipta þeim í þrjú undirsýni;
- rannsóknarsýni er undirsýni sem vegur 10 kg (hvert undirsýni skal fínmala sérstaklega og það blandað vandlega til þess að það verði fullkomlega einsleitt, til samræmis við þau ákvæði sem mælt er fyrir um í E-hluta þessa viðauka);
- ef ekki er hægt að koma við þeirri sýnatökuaðferð, sem lýst er hér að framan vegna afleiðinga sem það hefði á verslun vegna skemmda á framleiðslueiningunni (vegna umbúða, flutningsmáta o.s.frv.), er heimilt að beita annarri aðferð við sýnatöku að því tilskildu að hún sé svo dæmigerð sem framast er kostur og að henni hafi að fullu verið lýst og hún studd traustum rökum.

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta

Ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti sem á að flokka eða meðhöndla á annan hátt:

- Samþykki ef safnsýnið eða meðaltal undirsýna samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið eða meðaltal undirsýna fer yfir leyfilegt hámark.

Ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur, þurrkaða ávexti og korn sem ætluð eru beint til manneldis:

- Samþykki ef ekkert undirsýna fer yfir leyfilegt hámark;
- synjun ef eitt eða fleiri undirsýnanna fara yfir leyfilegt hámark.

Ef safnsýnið er undir 10 kg:

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.

1.3. Hnetur aðrar en jarðhnetur, pistasíuhnetur og parahnetur, þurrkaðir ávextir aðrir en fíkjur og korn þar sem framleiðslueiningar eru undir 50 tonnum.

Sýnatökuaðferð

Fyrir þessar afurðir má nota þá sýnatökuaðferð sem lýst er í lið 1 í D-hluta.

Með hliðsjón af því hversu sjaldgæft er að þessar afurðir mengist og/eða með hliðsjón af nýjum gerðum umbúða, sem heimilt er að selja þessar afurðir í, má þó nota einfaldari sýnatökuaðferðir.
Fyrir framleiðslueiningar kornafurða, sem eru undir 50 tonnum, má styðjast við sýnatökuáætlun, sem er breytileg eftir þyngd framleiðslueiningar hverju sinni, þar sem 10 til 100 hlutasýni, hvert 100 grömm að þyngd, eru tekin og þau gefa safnsýni sem er 1 til 10 kg. Styðjast má við tölurnar í töflu 7 til þess að ákvarða fjölda þeirra hlutasýna sem taka ber.

Tafla 7.
Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga.

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 1	10
> 1 - ≤ 3	20
>3 - ≤ 10	40
>10 - ≤ 20	60
>20 - ≤ 50	100

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta

Ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti sem á að flokka eða meðhöndla á annan hátt:
- Samþykki ef safnsýnið eða meðaltal undirsýna samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið eða meðaltal undirsýna fer yfir leyfilegt hámark.

Ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur, þurrkaða ávexti og korn sem ætluð eru beint til manneldis:
- Samþykki ef ekkert undirsýna fer yfir leyfilegt hámark;
- synjun ef eitt eða fleiri undirsýnanna fara yfir leyfilegt hámark.

Ef safnsýnið er undir 10 kg:
- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.

2. Mjólk.

Sýnatökuaðferð
Sýnataka í samræmi við gildandi mjólkurreglugerð þar sem mælt er fyrir um ákveðnar aðferðir við greiningu og próf á hrámjólk og hitameðhöndlaðri mjólk.
- Fjöldi hlutasýna: lágmark 5;
- þyngd safnsýnis: lágmark 0,5 kg eða lítrar.

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta
- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.

3. Afleiddar afurðir og samsett matvæli.

3.1. Mjólkurafurðir.

Sýnatökuaðferð
Sýnataka í samræmi við gildandi mjólkurreglugerð.
Fjöldi hlutasýna skal að lágmarki vera 5.
Samsvarandi aðferðir eru notaðar fyrir aðrar mjólkurafurðir.

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta
- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.

3.2. Aðrar afleiddar afurðir með mjög léttum ögnum, svo sem mjöl, fíkjumauk, hnetusmjör (einsleit dreifing aflatoksínmengunar).

Sýnatökuaðferð
- Fjöldi hlutasýna skal vera 100. Fyrir framleiðslueiningar undir 50 tonnum skal fjöldi hlutasýna vera 10 til 100 og fara eftir þyngd framleiðslueiningarinnar (sjá töflu 7);
- þyngd hlutasýna á að vera um 100 grömm. Ef um er að ræða framleiðslueiningar í smásöluumbúðum fer þyngd hlutasýna eftir þyngd smásöluumbúðanna;
- þyngd safnsýnis skal vera 1–10 kg og skal það vera nægilega blandað.

Fjöldi sýna sem taka ber
Fjöldi safnsýna sem taka ber fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar. Skiptingu stórra framleiðslueininga í framleiðsluhluta skal háttað svo sem kveðið er á um fyrir korn í lið 1.2 í D-hluta. Taka ber sýni úr hverjum framleiðsluhluta fyrir sig.

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta
- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.

3.3. Aðrar afleiddar afurðir með tiltölulega stórum kornum (misleit dreifing aflatoksínmengunar).
Sýnatökuaðferð og samþykki eins og kveðið er á um hér að ofan að mjólk undanskilinni.

E-hluti

1. Undirbúningur sýna og viðmiðanir fyrir greiningaraðferðir notaðar við opinbert eftirlit með magni aflatoksína í matvælum.

Varúðarráðstafanir
Við framkvæmdina skal útiloka sólarljós eins og hægt er því að aflatoksín brotnar smám saman niður vegna áhrifa útfjólublás ljóss. Þar eð dreifing aflatoksína er fjarri því að vera einsleit ber að undirbúa sýni, einkum þegar þau eru gerð einsleit, með mikilli varfærni. Nota ber allt efni, sem rannsóknarstofan tekur á móti, við undirbúning sýnis.

Útreikningur á hlutfalli skurnar/hnetukjarna í heilum hnetum
Þau mörk fyrir aflatoksín, sem sett eru í viðauka 5 með þessari reglugerð, gilda um æta hlutann.
Hægt er að ákvarða magn aflatoksína í æta hlutanum með því að:

- Skurna sýni af hnetum „í skurn" og ákvarða magn aflatoksína í æta hlutanum;
- nota undirbúningsaðferðina fyrir hnetur „í skurn".

Í sýnatöku- og greiningaraðferðinni ber að áætla þyngd hnetukjarnanna í safnsýninu. Þyngd hnetukjarnanna í safnsýninu er áætluð þegar skilgreindur hefur verið hæfilegur stuðull fyrir hlutfallið milli hnetuskurnar og hnetukjarna í heilum hnetum. Stuðst er við þetta hlutfall til þess að reikna magn kjarnanna í vörusýninu sem tekið er við undirbúning sýnis eða við greiningu. Um það bil 100 heilar, stakar hnetur eru teknar frá af handahófi úr framleiðslueiningunni eða þær eru teknar úr hverju einasta safnsýni. Hlutfallið, fyrir hvert rannsóknarsýni, má finna með því að vigta heilar hnetur, skurna þær og vigta á ný skurn og hnetukjarna hvort í sínu lagi. Hlutfallið milli skurnar og hnetukjarna má þó sannreyna á rannsóknarstofunni með endurteknum mælingum á sýnum og hægt er að styðjast við það í greiningarvinnu síðar. Ef tiltekið rannsóknarsýni brýtur í bága við einhver ákvæði um mörk ber að ákvarða hlutfallið fyrir viðkomandi sýni með því að nota um það bil 100 hnetur sem teknar voru frá.

Meðhöndlun sýnisins við móttöku á rannsóknarstofunni
Hvert rannsóknarsýni er fínmalað og blandað vandlega saman með aðferð sem sannað þykir að tryggi fullkomna einsleitni.

2. Greiningaraðferð, sem nota ber á rannsóknarstofunni, og kröfur um eftirlit á rannsóknarstofunni við mælingar á aflatoksínum, þungmálmum og 3-MPCD í matvælum.
Skilgreiningar
Nokkrar af helstu skilgreiningum sem rannsóknarstofan þarf að styðjast við eru eftirfarandi:
r = Endurtekningarnákvæmni (repeatability) er það gildi sem er stærra en tölugildi mismunar tveggja stakra prófniðurstaðna, sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði (það er sama sýni, sami starfsmaður, sami tækjabúnaður, sama rannsóknarstofa og á skömmum tíma), og vænta má að liggi innan tiltekinna líkinda (venjulega 95%), og því er $r = 2{,}8 \times s_r$.

s_r = Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði.

RSD_r = Hlutfallslegt staðalfrávik er reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði $[(s_r \overline{x}) \times 100]$, þar sem x er meðaltal niðurstaðna fyrir allar rannsóknarstofur og öll sýni.

R = Samanburðarnákvæmni (reproducibility): það gildi sem er stærra en tölulegur mismunur stakra prófniðurstaðna, sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði (það er sem starfsmenn á mismunandi rannsóknarstofum fá með staðlaðri prófunaraðferð á sams konar efni), og vænta má að liggi innan tiltekinna líkinda (venjulega 95%);

$R = 2{,}8 \times S_R$.

S_R = Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði.

RSD_R = Hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði [$(s_R / \bar{x}) \times 100$].

$HORRAT_r$ = reiknað RSD_r deilt með RSD_r sem ákvarðað var með Horwitz jöfnunni þar sem gengið er út frá því að r=0,66R

$HORRAT_R$ = reiknað RSD_R deilt með RSD_R gildi sem ákvarðað var með Horwitz jöfnunni.

Sérstakar kröfur
Hafi ekki verið mælt fyrir um neinar sérstakar aðferðir til þess að ákvarða styrk aflatoksína í matvælum er rannsóknarstofum heimilt að velja hverja þá aðferð sem samræmist viðmiðunum í töflu 8.

Tafla 8.
Viðmiðanir.

Viðmiðun	Styrkleikasvið	Ráðlögð gildi	Hæsta leyfilega gildi
Núllprófssýni	Öll	Óverulegt	
Endurheimt — Aflatoksín M_1	0,01–0,5 µg/l > 0,05 µg/l	60 til 120% 70 til 110%	
Endurheimt — Aflatoksín B_1, B_2, G_1, G_2	< 1,0 µg/l 1–10 µg/l > 10 µg/l	50 til 120% 70 til 110% 80 til 110%	
RSD_R að því er varðar samkvæmni[24]	Öll	Sem leidd eru af Horwitz-jöfnunni	2 × gildið sem leitt er af Horwitz-jöfnunni

Athugasemdir

- Gildin eiga bæði við um B_1 og summuna af $B_1 + B_2 + G_1 + G_2$;
- ef birta á upplýsingar um summuna af einstökum aflatoksínum $B_1 + B_2 + G_1 + G_2$ skal svörun hvers þeirra við greiningaraðferðinni annaðhvort vera þekkt eða jafngild innbyrðis;
- greiningarmörk aðferðanna eru ekki tilgreind þar eð samkvæmnisgildin eru gefin við tilgreindan styrkleika;
- samkvæmnisgildin eru reiknuð samkvæmt Horwitz-jöfnunni, það er að segja: $RSD_R = 2^{(1 - 0{,}5 \log C)}$

þar sem:

RSD_R er hlutfallslegt staðalfrávik reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði [$(S_R / \bar{x}) \times 100$];

- C er styrkhlutfallið (það er að segja 1 = 100g/100g, 0,001 = 1 000mg/kg).

Þetta er almenn samkvæmnisjafna sem reynst hefur óháð greiniefni og efnaumhverfi en, sem í flestum venjubundnum greiningaraðferðum, er einungis háð styrkleikanum.

3. Útreikningar á endurheimt.
Að því er varðar endurheimt ber að greina frá niðurstöðum greininga leiðréttum eða óleiðréttum.
Endurheimtuhlutfallið skal tilgreint.

VIÐAUKI 7
Flokkun ávaxta og grænmetis.

Hópur	Íslenskt heiti	Enskt heiti	Hluti matvæla sem hámarksgildi á við
1. Ávextir; ferskir, þurrkaðir, ósoðnir, varðir með frystingu, en ekki með viðbættum sykri.			
(i)	SÍTRUSÁVEXTIR	CITRUS	
	Appelsínur	Oranges, sweet	Allur ávöxturinn.
	Mandarínur	Mandarins	
	Sítrónur	Lemons	
	Greipaldin	Grapefruit	
	Pómelóaldin	Pomelo	
	Súraldin	Limes	
	Appelsínur, beiskar	Oranges, bitter	
(ii)	TRJÁHNETUR	TREE NUTS	
	Möndlur	Almonds	Ávöxturinn eftir að skel hefur verið fjarlægð.
	Brasilíuhnetur	Brazil nuts	
	Kasúhnetur	Cashew nuts	
	Kastaníu hnetur	Chestnuts	
	Kókoshnetur	Coconuts	
	Heslihnetur	Hazelnuts	
	Makademía hnetur	Macadamia nuts	
	Pekan hnetur	Pecans	
	Furu hnetur	Pine nuts	
	Pistasíu hnetur (hjartaaldin)	Pistachios	
	Valhnetur	Walnuts	
(iii)	KJARNAÁVEXTIR	POME FRUITS	
	Epli	Apples	Allur ávöxtur eftir að stilkur hefur verið fjarlægður.
	Perur	Pears	
	Kveði	Quinces	
(iv)	STEINALDIN	STONE FRUITS	
	Apríkósur	Apricots	Allur ávöxtur eftir að stilkur hefur verið fjarlægður.
	Kirsuber	Cherries	
	Ferskjur	Peaches	

Hópur	Íslenskt heiti	Enskt heiti	Hluti matvæla sem hámarksgildi á við
	Nektarínur	Nectarines	
	Plómur	Plums	
(v)	BER OG AÐRIR SMÁIR ÁVEXTIR	BERRIES AND OTHER SMALL FRUITS	
	a) *Vínber*	Table and vine grapes	Allur ávöxtur eftir að stilkur og hettur hafa verið fjarlægð. Rifsber með stilk.
	b) *Jarðarber* (önnur en villt)	Strawberries (other than wild)	
	c) *Reyr ávextir* (aðrir en villtir)	Cane fruits (other than wild)	
	Brómber	Blackberries	
	Blá hindber	Dewberries	
	Loganber	Loganberries	
	Hindber	Raspberries	
	d) *Aðrir smáávextir og ber* (annað en villt)	Other small fruits and berries (other than wild)	
	Bláber	Billberries	
	Trönuber	Cranberries	
	Rifsber, rauð og hvít	Currants, red, white	
	Sólber	Currants, black	
	Garðaber	Gooseberries	
	e) Villt ber og villtir ávextir	Wild berries and wild fruits	
(vi)	ÝMSIR ÁVEXTIR	MISCELLANEOUS FRUITS	
	Lárperur	Avocado	Allur ávöxturinn eftir að stilkur hefur verið fjarlægður og jarðvegur með hreinsun í rennandi vatni. Á ananas skal fjarlægja kórónuna.
	Bananar	Banana	
	Döðlur	Dates	
	Fíkjur	Figs	
	Kíví (loðber)	Kiwi fruit	
	Dvergappelsína	Kumquats	
	Litkaber	Litchis	
	Mangó	Mango	
	Ólífur	Olives	
	Ástaraldin	Passion fruit	
	Ananas	Pineapple	
	Granatepli	Pomegranate	

Hópur	Íslenskt heiti	Enskt heiti	Hluti matvæla sem hámarksgildi á við
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, frosið eða þurrt.			
(i)	RÓTAR- OG HNÝÐIS-GRÆNMETI	ROOT AND TUBER VEGETABLES	
	Rauðrófur	Beetroot	Allt grænmetið eftir að toppkál og jarðvegur hefur verið hreinsaður af (ef með þarf) með hreinsun í rennandi vatni eða léttri burstun á þurru grænmeti.
	Gulrætur	Carrots	
	Hnúðselja	Celeriac	
	Piparrót	Horseradish	
	Ætifífill	Jerusalem artichokes	
	Nípa	Parsnip	
	Steinseljurót	Parsley root	
	Hreðkur (radísur)	Radishes	
	Hafursrót	Salsify	
	Sætuhnúðar	Sweet potatoes	
	Gulrófur	Swedes (swedish turnips)	
	Næpur	Turnips	
	Kínakartöflur	Yam	
(ii)	LAUKAR	BULB VEGETABLES	
	Hvítlaukur	Garlic	Ef hvítlaukur, laukur og skalottlaukur eru þurrir, skal taka af auðleysanlegt hýði og jarðveg. Hvítlaukur, laukur og skalottlaukur, annað en þurrt og perlulaukur, allur eftir að rætur og jarðvegur hefur verið fjarlægður.
	Laukur	Onions	
	Skalottlaukur (askalonlaukur)	Shallots	
	Perlulaukur	Spring onions	
(iii)	GRÆNMETISALDIN	FRUITING VEGETABLES	
	a) *Kartöfluætt*		
	Tómatar	Tomatoes	Allt grænmetið eftir að stilkur hefur verið fjarlægður.
	Paprikur	Peppers	
	Eggaldin	Aubergines	
	b) *Graskersætt-neysluhæft hýði*		
	Gúrkur	Cucumbers	
	Þrúgugúrkur	Gherkins	
	Grasker	Courgettes - zucuni	
	c) *Graskersætt-óneysluhæft hýði*		
	Melónur	Melons	

Hópur	Íslenskt heiti	Enskt heiti	Hluti matvæla sem hámarksgildi á við
	Grasker	Squashes - pumkins	
	Vatnsmelónur	Watermelons	
	d) Maís, korn	Sweet corn (kernels)	Ytri blöð fjarlægð.
	Maískólfar	Sweet corn (corn-on-the-cob)	
iv)	KÁL	BRASSICA VEGETABLES	
	a) *Blómstrandi kál*		
	Spergilkál	Broccoli	Aðeins sjálft höfuðið.
	Blómkál	Cauliflower	
	b) *Höfuðkál*		
	Rósakál	Brussels sprouts	Skemmd blöð (ef einhver) fjarlægð.
	Höfuðkál	Head cabbage	
	c) *Blaðkál*		
	Kínakál	Chinese cabbage	
	Grænkál	Kale	
	d) Hnúðkál	Kohlrabi	Öll afurðin eftir að stönglar, blöð og mold hefur verið fjarlægt.
v)	BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDDJURTIR	LEAF VEGETABLES AND FRESH HERBS	
	a) Karsi (garðperla)	Cress, garden	Allt grænmetið, eftir að skemmd ytri blöð, rætur og jarðvegur hefur verið fjarlægt.
	Vorsalat	Lambs lettuce (corn salad)	
	Íssalat	Iceberg lettuce	
	Vetrarsalat	Endive	
	b) Spínat	spinach	
	Blaðbeðja (strandblaðka)	Beet leaves (chard)	
	c) Vatnakarsi	Water cress	
	d) Jólasalat	Witloof chicory (sprouts)	
	e) *Kryddjurtir*		
	Kerfill	Chervil	
	Graslaukur	Chives	
	Blaðselja	Celery leaves	
	Steinselja	Parsley	

Hópur	Íslenskt heiti	Enskt heiti	Hluti matvæla sem hámarksgildi á við
(vi)	ERTUR OG BELGÁVEXTIR (FERSKIR)	LEGUME VEGETABLES (FRESH)	
	Baunir (með fræbelg)	Beans (greenpods)	Allur ávöxturinn án fræbelgs eða með fræbelg ef hann er ætlaður til neyslu.
	Baunir (án fræbelgs)	Beans (shelled)	
	Ertur (með fræbelg)	Peas (pods and succulent)	
	Ertur (án fræbelgs)	Peas (shelled)	
(vii)	STILKGRÆNMETI	STEM VEGETABLES	
	Spergill	Aspargus	Allt grænmetið, eftir að skemmd blöð, jarðvegur og rætur hafa verið fjarlægt.
	Fingrakornblóm	Cardoons	
	Stilkselja	Celery	
	Fennika(sígóð)	Fennel (bulb)	
	Ætiþistill	Globe artichokes	
	Blaðlaukur	Leek	
	Rabarbari	Rhubarb	
(viii)	SVEPPIR	FUNGI	
	Ætisveppir	Cultivated mushrooms	Allur sveppurinn
	Villtir ætisveppir	Wild mushrooms	
3.	BELGJURTIR (ÞURRKAÐAR)	PULSES	
	Baunir	Beans	
	Linsubaunir	Lentils	
	Ertur	Peas	
4.	OLÍUFRÆ	OIL SEEDS	
	Hörfræ	Linseed	Allt fræið eða kjarninn eftir að skelin eða hýðið hefur verið fjarlægt ef unnt er. Mælist annars með skel.
	Jarðhnetur	Peanuts	
	Valmúafræ (birki)	Poppy seed	
	Repjufræ	Rape seed	
	Sesamfræ	Sesame seed	
	Sólblómafræ	Sunflower seed	
	Soya baunir	Soya bean	
	Baðmullarfræ	Cotton seed	
	Sinnepsfræ	Mustard	
5.	KARTÖFLUR (JARÐEPLI)	POTATOES	Jarðvegur skolaður með vatni eða léttri burstun af þurri vöru.
6.	TE	TEA	Þurrkuð lauf og stilkir, einnig gerjað, öll afurðin.

Hópur	Íslenskt heiti	Enskt heiti	Hluti matvæla sem hámarksgildi á við
7.	HUMALL	HOPS	Þ.m.t. humaltöflur og óblandað duft. Öll afurðin.
8.	KRYDD	SPICES	Öll afurðin.
	Kúmenfræ	Cumin seeds	
	Einiber	Juniper berries	
	Múskat	Nutmeg	
	Pipar, svartur og hvítur	Pepper, black and white	
	Vanillufræ	Vanilla pods	

Nr. 285 25. mars 2002

REGLUGERÐ

um aukefni í matvælum.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um aukefni í matvælum og aukefni ætluð til notkunar í matvælum eða til sölu til neytenda.

Aukefni sem berast úr hráefni í tilbúin samsett matvæli *(„carry over")*, en hafa engin tæknileg eða önnur áhrif í hinni tilbúnu vöru, eru undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar. Ákvæði þetta er þó háð því skilyrði að hráefnið innihaldi ekki önnur aukefni en þau sem leyfð eru við framleiðslu þess og jafnframt að magn aukefna sé ekki yfir leyfilegu hámarki í hráefninu.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

2. gr.
Almennt.

Aukefni eru efni sem aukið er í matvæli til þess að hafa áhrif á geymsluþol, lit, lykt, bragð eða aðra eiginleika matvæla, eins og nánar er kveðið á um í 3. gr. Í fullunninni vöru eru aukefni til staðar að öllu leyti eða að hluta, í breyttri eða óbreyttri mynd.

Tæknileg hjálparefni eru efni sem notuð eru til að ná ákveðnum tæknilegum tilgangi í meðhöndlun eða vinnslu matvæla eða efnisþátta sem notaðir eru við framleiðslu þeirra, án þess að efnunum sé ætlað að koma fyrir eða hafa tæknileg áhrif í fullunninni vöru.

Með *góðum framleiðsluháttum* er átt við að aukefni séu ekki notuð í meira magni en nauðsynlegt er til að fá fram tilætluð áhrif í vörunni.